

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Sálfræði 303 (SÁL3036) Haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Hermann Jón Tómasson	Sk.st.	HTÓ
----------------	-----------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um hvatir, atferlisvaka, hegðun og tilfinningar með áherslu á frávíkshegðun. Fjallað verður um hvatræna hegðun eins og át og kynhegðun. Rætt verður um tilfinningar og áhrif þeirra á hegðun og streita sérstaklega skoðuð í þessu samhengi. Jafnframt verður rýnt í orsakir ofbeldishegðunar. Megináhersla verður síðan lögð á umræðu um geðheilbrigði og algengustu flokka geðrænna vandamála. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Einnig verða viðhorf gagnvart andlega fötluðum rædd til þess að ýta undir skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart geðfötluðum einstaklingum.

Áfangamarkmið:

- Að auka þekkingu og skilning nemenda á mismunandi orsökum hegðunar almennt og frávíkshegðunar sérstaklega.
- Að vekja nemendur til vitundar um leiðir til að draga úr kvíða og streitu og viðhalda góðri geðheilsu.
- Að auka þekkingu nemenda á geðrænum vandamálum, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um aðstæður geðfatlaðra og fordóma gagnvart fólki með geðræn vandamál.

Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á Moodlesvæði áfangans. Kennari mun vísa nemendum á þetta efni eftir þörfum. Í námsefnispakkanum er eftirfarandi efni:

- Atkinson, Atkinson og Hilgard. Sálfræði 2 (kaflar 10, 11, 14, 15 og 16).
- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur og glósur kennara.
- Annað efni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Sálfræði 303 (SÁL3036) Haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangssefni	Nemendur skila
34. vika	Kennsluáætlun og upprifjun grundvallarhugtaka	
35. vika	Hvatir 1 – Svengd og át	Verkefni 1
36. vika	Hvatir 2 – Kynhvöt/kynhegðun	Verkefni 2
37. vika	Tilfinningar 1 – Almenn umfjöllun	Verkefni 3
38. vika	Tilfinningar 2 – Streita og kvíði	Verkefni 4
39. vika	Tilfinningar 3 – Reiði og ofbeldi	Verkefni 5
40. vika	Lokaverkefni – kynning og undirbúningur	Tímapróf 1
41. vika	Geðræn vandamál 1 – Kvíðatengd vandamál	Verkefni 6
42. vika	Geðræn vandamál 2 - Geðhvörf	Verkefni 7
43. vika	Geðræn vandamál 3 – Geðklofi o.fl.	Verkefni 8
44. vika	Geðræn vandamál 4 - Fíkn	Verkefni 9
45. vika	Meðferð geðrænna vandamála	Verkefni 10
46. vika	Meðferð geðrænna vandamála	Tímapróf 2
47. vika	Kynning á heimildaritgerðum	Ritgerð og kynning
48. vika	Áfangamat og námsmat	

Námsmat:

Lýsing	Vægi
Verkefni annarinnar	40,00%
Heimildaritgerð og kynning á efni hennar	30,00%
2 Tímapróf	30,00%

Dagsetning: 19-08-2011

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils